

DalaAuður – úthlutun í febrúar 2026

Alls bárust 29 umsóknir um styrki í Frumkvæðissjóð árið 2026. Opnað var fyrir sjóðinn 2. desember 2025 og var frestur til að sækja um í sjóðinn til 21. janúar 2026. Til úthlutunar voru 20.825.000 kr. þar af voru 700.000 kr. frá fyrri úthlutun sem hafði verið skilað. Um er að ræða fimmtu úthlutun úr Frumkvæðissjóði DalaAuðs og þá síðustu skv. núgildandi samningi um þátttöku Dalabyggðar í verkefninu.

DAL-2026-01

Heiti verkefnis: Vinnslubúnaður fyrir bláskel
Birgisás ehf.

Lýsing á verkefni: Hvammsskel stundar ræktun á bláskel í Hvammsfirði. Veittur er styrkur fyrir kaupum á sértækum búnaði, þ.e. þráðaskurðarvél og afklasara-vél.

Upphæð styrks: 2.200.000 kr.

DAL-2026-02

Heiti verkefnis: D&D í Dölunum
Atli Freyr Guðmundsson

Lýsing á verkefni: Verkefnið snýst um að halda regluleg spunaspilakvöld í Nýsköpunarsetrinu í Dalabyggð, a.m.k. eitt í hverjum mánuði eða samtals 12 skipti.

Upphæð styrks: 150.000 kr.

DAL-2026-03

Heiti verkefnis: Auðlind bújarða
Anna Berglind Halldórsdóttir og Ólafur Bragi Halldórsson

Lýsing á verkefni: Ætlun verkefnisins, er að setja upp 113,4 kW sólarorkuver að Magnússkógum. Hér yrði um stærsta sólarorkuver, á bújörð, að ræða á Íslandi og það fyrsta á sauðfjárbúi. Markmið verkefnisins er að nota hreina, endurnýjanlega auðlind til að framleiða rafmagn á bújörð, með það að markmiði að styrkja búrekstur m.a. til framleiðslu nýrra afurða. Með verkefninu er leitast við að sýna fram á að þök lögbýla geta nýst til þess að styrkja orkuöryggi á landsbyggðinni, með uppsetningu sólarsella.

Upphæð styrks: 2.000.000 kr.

DAL-2026-04

Heiti verkefnis: Colors of fjords
Fitore Berisha og Juan Cerezales Tisnes

Lýsing á verkefni: Markmiðið snýst um að auka aðdráttarafl Dalabyggðar, með því að skapa list í rými eða á flötum innan og í kringum Búðardal, sem eru annað hvort „gleymd“ eða ónýtt. Verkefnið verður unnið í samvinnu með íbúum þar sem þeim gefst kostur á að koma með hugmyndir fyrir sköpunarferlið.

Upphæð styrks: 500.000 kr.

DAL-2026-05

Heiti verkefnis: Dalamey Handverk
Sigríður Jóna Eggertsdóttir

Lýsing á verkefni: DalaMey hóf framleiðslu á minjagripum úr hornum dýra árið 2025 og fékk þá stuðning frá Frumkvæðissjóði DalaAuðs. Framleiddir eru skartgripir sem eru komnir í sölu innan héraðs, í Bolla, á Erpsstöðum og í Dalahyttum. Ætlunin er að selja vörurnar á fleiri stöðum. Veittur er styrkur til tækjakaupa til að auka framleiðslugetu og efla starfsemi fyrirtækisins.

Upphæð styrks: 450.000 kr.

DAL-2026-06

Heiti verkefnis: Dalahvítlaukur
Svarthamar vestur ehf

Lýsing á verkefni: Dalahvítlaukur ræktar hvítlauk með aðferð no dig/not till. Þau hafa síðustu ár byggt upp aðstöðu og ræktunarakra sína. Hér er veittur styrkur vegna framkvæmda og fyrir uppsetningu á vindnetum á ökrum.

Upphæð styrks: 800.000 kr.

DAL-2026-07

Heiti verkefnis: Flygill fyrir Dalabúð
Sigurbjörg I. Kristínardóttir o.fl.

Lýsing á verkefni: Flygill fyrr Dalabúð er grasrótarverkefni þar sem ákveðnir íbúar hafa sett sér það markmið að safna fyrir nýjum flygli og afhenda hann Dalabúð á 60 ára afmæli félagsheimilisins. Flygillinn á að efla Dalabúð sem menningarhús og gera það að verkum að hægt verður að halda fjölbreyttari viðburði í byggðarlaginu.

Upphæð styrks: 750.000 kr.

DAL-2026-08

Heiti verkefnis: Myndir sem selja
Benedikt Jóhannesson/Gamla Læknahúsið

Lýsing á verkefni: Gamla læknahúsið er nýtt fyrirtæki í Dölunum, sem selur sápur og aðrar snyrtivörur úr náttúrulegum innihaldsefnum. Vörurnar eru kenndar við Dalina á einn eða annan hátt en umbúðirnar segja frá staðhátum eða sögu svæðisins. Fyrirtækið hefur verið í samstarfi við aðra framleiðendur og söluaðila á svæðinu en stefnir á stærri markað.

Verkefnið snýst um að koma sér upp góðum búnaði, sem notaður verður til í gerð markaðsefnis fyrir vörurnar.

Upphæð styrks: 500.000 kr.

DAL-2026-09

Heiti verkefnis: Geitagræjur

Halla Sigríður Hrefnu Steinólfsdóttir

Lýsing á verkefni: Í Ytri-Fagradal eru geitur mjólkaðar og úr mjólkinni eru unnir geitaostar. Hér veittur styrkur fyrir nýjum mjaltatækjum, sem gera vinnuna mun auðveldari og markvissari.

Upphæð styrks: 200.000 kr.

DAL-2026-10

Heiti verkefnis: Brekkuskógur - útivistarperla við Búðardal

Skógræktarfélag Dalasýslu

Lýsing á verkefni: Brekkuskógur er á um 6 ha svæði, sem nær frá þjóðvegi og niður í fjöru norðan við Búðardal. Á svæðinu eru nú yfir 4 ha sem eru vaxnir um 30 ára gömlum skógi af fjölbreyttum trjategundum. Á svæðinu er verið að byggja upp um 2 km af skógarstígum sem tengjast rjóðrum og útsýnisstöðum. Markmið verkefnisins er að Brekkuskógur verði útivistarperla í Búðardal, sem laði að íbúa og gesti til útivistar og ánægju í náttúrunni.

Hér er veittur styrkur fyrir áframhaldandi framkvæmdum á svæðinu, meðal annars á uppsetningu útskurðarskála í Brekkuskógi.

Upphæð styrks: 700.000 kr.

DAL-2026-11

Heiti verkefnis: Mini-gólf braut í Búðardal

Fremri fasteignir ehf

Lýsing á verkefni: Í Búðardal er stórt húsnæði, sem áður var sláturhús. Hluti húsnæðisins er í notkun en eigendur þess vilja einnig koma á legg afþreyingartengdri starfsemi í húsinu. Hér er sótt um styrk til að standsetja minigolf braut innanhúss. Er stefnan sett á 18-19 holu völl í framtíðinni. Með þessu er verið að svara kalli eftir meiri afþreyingu á svæðinu en einnig að auka atvinnutækifæri innan Dalabyggðar og getu til að taka á móti hvatahópum í héraði.

Upphæð styrks: 1.000.000 kr.

DAL-2026-12

Heiti verkefnis: Bambagarður

Caroline Baare Schmidt

Lýsing á verkefni: Um er að ræða sjálfbóðaliða verkefni, sem snýst um það að koma á legg samfélagsgróðurhúsum að Stekkjarhvammi 1-5 í Búðardal. Aðgangur að gróðurhúsunum

verður í boði fyrir alla áhugasama íbúa Dalabyggðar og er markmiðið að auka vellíðan, efla félagsleg tengsl og samveru meðal íbúa.

Upphæð styrks: 1.500.000 kr.

DAL-2026-13

Heiti verkefnis: Hiking Viking - Gönguferðir frá Eiríksstöðum

History up close ehf

Lýsing á verkefni: Verkefnið snýst um að þróa gönguferðir frá Eiríksstöðum. Um verður að ræða 3-4 tíma ferðir þar sem fólki er boðið að ferðast á sama máta og fólk gerði á landnámsöld, borða nestiskost sem minnir á 10. öldina, fá leiðsögn og skoða rústir á svæðinu. Veittur er styrkur til að þróa ferðirnar, byggja upp aðstöðu og til búnaðarkaupa.

Upphæð styrks: 650.000 kr.

DAL-2026-14

Heiti verkefnis: Listviðburðir í Dalíu

D9 ehf

Lýsing á verkefni: DALÍA í Búðardal hefur síðustu ár staðið fyrir fjölbreyttum viðburðum og er stefnt á það áfram. Sótt er um styrk til að halda tíu viðburði á árinu, þar sem landspekkt listafólk treður upp, í bland við aðra viðburði. Tilgangur verkefnisins er að auðga mannlíf í Dölum, víkka og styrkja ímynd byggðarinnar og stuðla að aukinni samveru íbúa.

Dalía mun einnig taka virkan þátt í Bæjarhátíð í Búðardal vorið 2026 með viðburðum og fræðslu.

Upphæð styrks: 600.000 kr.

DAL-2026-15

Heiti verkefnis: Prjónakaffi

Guðrún Elísabet Jóhannsdóttir

Lýsing á verkefni: Prjónakaffi er félagsstarf í Saurbæ í Dölum, sem er opið öllum áhugasömum, hvort sem þau prjóna eða ekki. Haldnir eru regluleg prjónakaffi þar sem sveitungum gefst kostur á að hittast, njóta veitinga og samveru. Stefnt er að því að halda sjö prjónakaffi á árinu.

Upphæð styrks: 200.000 kr.

DAL-2026-16

Heiti verkefnis: Jólamarkaður
Jóhanna Lind Brynjólfsdóttir

Lýsing á verkefni: Tilgangurinn er að hafa jólamarkað þar sem að einstaklingar og fyrirtæki í Dalabyggð geta komið, kynnt og selt vörurnar sínar. Einnig er tilgangurinn að hafa notalega jólastund saman og jafnvel geta keypt eitthvað í jólapakkana í heimabyggð frá heimafólki.

Upphæð styrks: 200.000 kr.

DAL-2026-17

Heiti verkefnis: Hestatómstundir – búnaðarkaup
Hestamannafélagið Glaður

Lýsing á verkefni: Verkefnið snýst um að kaupa æfingabúnað og spegla í reiðhöllina til að bæta aðstæður fyrir kennslu og æfingar. Búnaðurinn mun nýtast öllum félagsmönnum og auka möguleika á þátttöku í að stunda hestafimleika í Dölum.

Upphæð styrks: 400.000 kr.

DAL-2026-18

Heiti verkefnis: Er líða fer að jólum
Jón Egill Jóhannsson o.fl.

Lýsing á verkefni: Verkefnið felst í að skipuleggja og halda jólatónleika í Dalabúð, Búðardal á aðventu 2026. Þar sem áhugafólk um söng og tónlist mun koma fram. Markmiðið er að efla menningarlíf í Dalabyggð og gera sér glaðan dag í aðdraganda jólanna. Þetta yrðu fimmtu tónleikarnir í tónleikaröð "Er líða fer að jólum".

Upphæð styrks: 400.000 kr.

DAL-2026-19

Heiti verkefnis: La Sagra
Nicole Salteri og Pietro Porcu

Lýsing á verkefni: La Sagra er heiti yfir ítalska matarhátíð, þar sem samfélagið kemur saman og setur upp veisluborð fyrir íbúa, yfirleitt utandyra, og fólk kemur og borðar saman og á góða kvöldstund. Verkefnið snýst um að setja upp slíka matargötuhatíð í Búðardal sumarið 2026, þar sem íbúum verður boðið til ítalskrar veislu.

Upphæð styrks: 350.000 kr.

DAL-2026-20

Heiti verkefnis: Art Exhibition
Nicole Salteri og Pietro Porcu

Lýsing á verkefni: Hér er um að ræða uppsetningu á listasýningu, þar sem myndir úr samtímasögu og fortíð Dalanna verða sýndar, ásamt ljóðum og öðrum textabrotum. Markmiði er að varpa ljósi á daglegt líf í Dölum með fókus á fortíðina. Safnað verður myndefni og textum og öðru efni til sýningarinnar innan Dalanna og í samvinnu við íbúa svæðisins.

Upphæð styrks: 250.000 kr.

DAL-2026-21

Heiti verkefnis: Dalapeysan - og fylgihlutir
Handverkshópurinn Bolli

Lýsing á verkefni: Handverksfélagið Bolli hyggst á samstarf við Urði Ull um þróun á mislitu bandi úr ærull, sem síðan verður notað í Dalapeysuna. Þrjónahönnuðurinn Bergrós Kjartansdóttir verður fenginn til að hanna peysuna. Afurðirnar úr þessu verkefni yrðu annars vegar nýtt band og hins vegar Dalapeysan ásamt fylgihlutum. Með verkefninu verður til verðmætasköpun í héraði, fyrir handverksfólk.

Upphæð styrks: 850.000 kr.

DAL-2026-22

Heiti verkefnis: VALL-EY
Atli Freyr Guðmundsson

Lýsing á verkefni: Skráningu fornminja í Dalabyggð er almennt ábótavant, sérstaklega miðað við hvað Íslendingasögurnar tala mikið og um marga staði í Dalabyggð, en minjar finnast um alla sýslu. Hér verður unnið að því að vinna bót á því innan Haukadals með það m.a. að markmiði að hægt sé að hagnýta upplýsingarnar í ferðaþjónustu innan Dalabyggðar.

Upphæð styrks: 250.000 kr.

DAL-2026-23

Heiti verkefnis: Sveit í sveit
Skátafélagið Stígandi

Lýsing á verkefni: Sveit í Sveit, er skátaviðburður þar sem Skátafélagið Stígandi býður skátum úr Dróttskátasveitum annarra skátafélaga á landinu til að koma og upplifa lífið og verkefnin í sveitinni. Með náttúrunni, með kindinni og síðast en ekki síst með bóndanum. Skátum verður boðið að koma í haustútilegu og upplifa leitir og réttir í Dölum, hjálpa til á bæjum og kynnast svæðinu. Markmiðið er að miðla menningu og atvinnulífi Dalabyggðar og gefa ungu fólki kost á að upplifa sveitalífið og náttúruna.

Upphæð styrks: 400.000 kr.

DAL-2026-24

Heiti verkefnis: Túngarður - ræktun og framleiðsla tága úr víði
Katrín Dröfn Guðmundsdóttir og Sveinbjörn Júlíus Tryggvason

Lýsing á verkefni: Verkefnið Túngarður – ræktun og framleiðsla tága úr víði er nýsköpunarverkefni á landsvísu sem hefur nú lagt grunninn að framtíðarmarkmiði sínu sem er að koma af stað framleiðslu á tágum sem söluvöru. Tágarnar nýtast í handverk, hönnun og aðra skapandi starfsemi, svo sem körfur, húsgögn og girðingar. Með styrkveitingu DalaAuðs 2025 voru gróðursett 48 yrki af víði af öllum stærðum og gerðum.

Sá áfangi sem nú er sótt um styrk fyrir hjá DalaAuði snýr að því að tryggja árangur þeirrar ræktunar sem þegar hefur verið komið í jörðu, fullnýta þann ræktunarreit sem unninn var sumarið 2025, undirbúa nýjan ræktunarreit til gróðursetningar vorið 2027 og hefja kynningu á verkefninu í gegnum heimasíðu og samfélagsmiðla þannig að íbúar Dalabyggðar og aðrir geti fylgst með uppbyggingu verkefnisins.

Upphæð styrks: 1.100.000 kr.

DAL-2026-25

Heiti verkefnis: Daglegt líf og búskapur í Dölum – Prófun á þátttökumiðaðri ferðapjónustu
Flore ehf

Lýsing á verkefni: Verkefnið er atvinnupróunarverkefni sem miðar að því að móta og prófa þátttökumiðað fyrirkomulag í ferðapjónustu í Dalabyggð. Markmiðið er að gestir taki þátt í daglegu lífi, störfum og búskap bænda og heimafólks í Dölum. Áhersla verður lögð á raunverulega þátttöku í verkefnum á borð við sauðburð, heyskap, smalamennsku, mjaltir og önnur hefðbundin störf, fremur en hefðbundna ferðapjónustu þar sem gestir eru áhorfendur.

Upphæð styrks: 1.200.000 kr.

DAL-2026-26

Heiti verkefnis: Sólarsölin
Halla Sigríður Hrefnu Steinólfsdóttir í samstarfi við Fine Foods Íslandica

Lýsing á verkefni: Söl eru næringarrík fæða sem er vannýtt en eftirspurn eftir afurðinni fer vaxandi. Verkefnið snýst um að vinna fæðu úr sölum sem tekin verða við Breiðafjörðinn, við Ytri-Fagradal. Sölin verða skorin upp við Ytri-Fagradal og framleiðsluferlar þróaðir í samstarfi við Fine Foods Íslandica á Hólmavík.

Upphæð styrks: 300.000 kr.

DAL-2026-27

Heiti verkefnis: Endurnýting ullar - Vöruþróun á vörum úr þæfri ull
Urður ullarvinnsla

Lýsing á verkefni: Markmið verkefnisins er að nýta ull, sem ekki er notuð í band og búa til afurðir úr þæfðri ull. Afurðir verkefnisins verða t.d. sáðpottar úr ull, beðhlífar úr ull fyrir garða og pottaleppar. Veittur er styrkur fyrir tækjabúnaði og þróunarvinnu.

Upphæð styrks: 900.000 kr.

DAL-2026-28

Heiti verkefnis: Dagverðarnes - áfangastaður úr alfararleið
Hollvinafélag Dagverðarneskirkju

Lýsing á verkefni: Kirkjan í Dagverðarnesi má muna fífil sinn feegurri en síðustu ár hefur Hollvinafélag Dagverðarneskirkju og sóknarnefnd kirkjunnar unnið að endurbótum að henni. Framkvæmdin er hugsuð til að varðveita menningarminjar svæðisins en einnig til að efla það sem ferðamannastað en fjölmargir leggja leið sína niður að Dagverðarnesi. Ásamt endurbótum á kirkjunni sjálfri er unnið að hleðslu grjótgarðs, gerð bílastæða, göngustígs og söguskilta á svæðinu. Með þessu er aðgengi að svæðinu aukið og betrubætt.

Upphæð styrks: 1.100.000 kr.

DAL-2026-29

Heiti verkefnis: Grafarlaug - skjól og fegrun
Hollvinafélag Grafarlaugar/Ungmennafélagið Æskan

Lýsing á verkefni: Grafarlaug er opin laug í Reykjadal en ungmennafélagið Æskan stendur að endurbótunum. Hér er veittur styrkur fyrir fegrun umhverfis laugina og til að byggja skýli þar sem baðgestir geta haft fataskipti.

Tilgangur uppbyggingarinnar er að skapa góðan stað fyrir Dalafólk til að hittast óháð opnunartímum sundstaða, skapa góða afþreyingu fyrir ferðamenn, án mikillar hættu fyrir gesti og áhættu fyrir ungmennafélagið.

Upphæð styrks: 925.000 kr.
